

# Rekstur nautakjötsframleiðenda 2019-2022 og afkomuhorfur



Nóvember 2023  
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Verkefnið er unnið með stuðningi úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar.

Forsíðumynd: Halla Eygló Sveinsdóttir

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2023

Starfshópur:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Ívar Ragnarsson

Kristján Óttar Eymundsson, verkefnisstjóri

María Svanprúður Jónsdóttir

Runólfur Sigursveinsson

Sigríður Ólafsdóttir

## Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli .....	4
Um þáttökubúin .....	5
Upplýsingar úr skýrsluhaldinu .....	5
Afurðatekjur og framleiðslukostnaður .....	6
Samanburður á búum eftir framleiðsluferfum .....	9
Rekstraryfirlit þáttökubúa.....	11
Afkomuhörfur.....	12
Viðauki 1.....	15

## Formáli

Um er að ræða framhald á verkefni sem fór upphaflega af stað árið 2020 á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Þá voru þegar í gangi samsvarandi verkefni á meðal kúa- og sauðfjárbænda. Fyrsta árið var unnið með gögn frá 20 nautakjötsframleiðendum og síðan 25 árið eftir. Þessir 25 framleiðendur skiluðu inn rekstrargögnum fyrir árin 2017-2021 og kom út skýrsla með niðurstöðunum í júní 2022. Hún er aðgengileg á heimasíðu RML og ber heitið *Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017-2021*.<sup>1</sup>

Þó að gagnasafnið sé ekki stórt að þá er þessi vinna mikilvæg á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi fá þátttökubúin greiningu á sínum rekstri þar sem þau geta borið sinn rekstur saman við önnur bú í verkefninu. Það á að auðvelda þeim að ná hagræðingu í sínum rekstri. Jafnframt hefur verkefnið hlotið athygli á opinberum vettvangi, bæði meðal afurðastöðva og ráðuneyta. Niðurstöður verkefnisins hafa sýnt fram á óviðunandi afkomu af nautaeldi undanfarin ár. Mikilvægt er að snúa þeirri þróun við.

Verkefnið er nú að hefja sitt þriðja ár. Bætt var við rekstrar- og skýrsluhaldsgögnum fyrir árið 2022 og leitað eftir fleiri búum til þátttöku. Markmiðið nú var að vera með 30 bú og náðist það að lokum. Í þessari skýrslu koma fram meðaltöl þessara sömu 30 búa fyrir árin 2019-2022.

Sem fyrr var áhersla lögð á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Stór hluti þátttakenda er með aðaltekjur sínar af annarri starfsemi og var lögð umtalsverð vinna í að skipta rekstrarkostnaði á þeim búum niður á nautakjötsframleiðsluna, svo að sem réttust niðurstaða fengist.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: María Svanprúður sá m.a. um greiningu rekstrargagna, Kristján Óttar sá um greiningu ræktunargagna og gagna um kjötframleiðslu. Eyjólfur Ingvi kom að úrvinnslu í Excel og framsetningu niðurstaðna, sem hefur þróast frá fyrri úrvinnslum. Runólfur, Sigríður og Ívar sáu um gagnasöfnun að hluta, yfirlestur, rýni og fleira.

---

<sup>1</sup> Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2022). *Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017-2021*. Sótt af [https://www.rml.is/static/files/Nautgripaeraekt/afkoma-nautakjots-2017-2021\\_2.pdf](https://www.rml.is/static/files/Nautgripaeraekt/afkoma-nautakjots-2017-2021_2.pdf)

Í þessari greiningavinnu er unnið með vegið meðaltal búanna þegar niðurstöður eru reiknaðar í kr/kg og kr/grip en önnur meðaltöl reiknast af fjölda þátttökubúa.

## Um þátttökubúin

Þegar upp var staðið fengust 30 bú til þátttöku í verkefninu, 19 á Norður- og Austurlandi og 11 á Suður- og Vesturlandi. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu. 16 bú eru með holdakýr árið 2022 og á sumum þeirra hefur holdakúastofninn farið vaxandi undanfarin ár. Önnur starfsemi á búunum er breytileg. Sumir eru einnig í mjólkurframleiðslu og aðrir í sauðfjárrækt, ferðapjónustu eða vélaverktöku. Liðlega helmingur þessara búa var með meirihluta tekna af nautaelði. 12 bú selja afurðir sínar að einhverju eða miklu leyti beint til neytenda, ýmist í gegnum eigin heimavinnslu eða sérpakkað frá kjötvinnslu.

Þessi mikli breytileiki sem er í þessu litla gagnasafni gerði það að verkum að tölfræðileg greining á því var ekki gerleg en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar.

## Upplýsingar úr skýrsluhaldinu

Ef skoðaðar eru skýrsluhaldsupplýsingar fyrir þau þátttökubú sem halda holdakýr kemur fram talsverður breytileiki milli búa hvað varðar frjósemi kúnna og lifun kálfanna, en að meðaltali er niðurstaðan eftirfarandi:

**Tafla 1: Heildarfjöldi holdakúa á þátttökubúum, frjósemi þeirra og afdrif kálfa.**

	2019	2020	2021	2022
Fjöldi búa með holdakýr	14	14	16	16
Fjöldi kúa/kvígna sem geta borið	1.024	1.168	1.271	1.373
Fjöldi kúa/kvígna með burðarsögu í árslok	885	1.009	1.070	1.034
Hlutfall kúa/kvígna sem bera	86,4%	86,4%	84,2%	75,3%
Fjöldi kúa án burðarsögu í árslok (> 430 dagar)	129	135	159	307
Fjöldi kvígna án burðarsögu í árslok (> 36 mán)	10	24	42	32
Hlutfall kálfa - fósturlát/fæddist dauður	9,4%	10,6%	8,7%	7,1%
Hlutfall kálfa - drapst í fæðingu	2,4%	2,4%	2,0%	1,9%
Hlutfall kálfa - drapst innan sólarhrings	0,9%	1,5%	0,7%	1,9%
Hlutfall kálfa - drapst innan 20 daga	0,7%	1,6%	3,0%	1,2%
Hlutfall kálfa - lifandi	86,6%	84,0%	85,6%	87,9%

Eins og kemur fram í töflu 1 hafa mörg búanna verið í uppbyggingarfasa. Heildarfjöldi kúa og kvígna með burðarsögu á árinu 2022 er orðinn rúmlega 1.000 gripir eða nærri 30% af holdakúastofni landsins. Athygli vekur að hlutfall kúa og kvígna sem bera lækkar talsvert árið 2022 frá fyrri árum.

Fjöldi kúa (>430 dagar) og kvígna (>36 mán.) án burðarsögu miðast við upplýsingar úr lögbundnum skýrsluskilum í desember á hverju ári. Ef burður innan ársins hefur verið skráður eftir þann tíma gefa tölurnar ekki rétta mynd af frjósemi búsin.

Í töflu 2 má sjá að þátttökubúin eru að slátra samtals frá tæplega 1.370 geldneytum á ári til ríflega 1.700 geldneyta á ári. Aukning er í fjölda innlagðra gripa eftir árum og er meðalfjöldinn kominn í um 57 gripi á bú árið 2022. Meðalframleiðsla á bú fer úr 12.950 kg árið 2019 í 16.510 kg árið 2022. Ef hlutdeild þessara framleiðenda af landsframleiðslu ungnautakjöts, skv. upplýsingum frá MAST, er skoðuð kemur í ljós að hún var 13,2% árið 2019 en er 16,3% árið 2022. Ekki var reynt að greina gagnasafnið eftir því hvort um var að ræða holdagripi, blendinga eða Íslendinga. Greinileg jákvæð þróun er í fallþunga gripanna án þess þó að meðalaldur þeirra við slátrun sé að hækka. Svo sem sjá má eru þátttökubúin að jafnaði vel yfir landsmeðaltali hvað varðar vænleika og flokkun gripanna en til samanburðar var landsmeðaltal ungneyta 251,5 kg og gerðarflokkun skv. EUROP-kjötmati 4,7 á árinu 2022.

**Tafla 2: Fjöldi geldneyta til innleggs, fallþungi og flokkun ásamt fjölda og fallþunga holdakúa.**

	2019	2020	2021	2022
Fjöldi geldneyta alls	1.365	1.462	1.564	1.712
Innlagt ungnautakjöt alls kg	388.489	419.765	451.836	495.311
Meðalfjöldi innlagðra geldneyta - bú	45,5	48,7	52,1	57,1
Fallþungi geldneyta, kg	284,6	287,1	288,9	289,3
Meðalaldur við slátrun - mánuðir	24,2	24,1	24,4	24,2
Vaxtarhraði geldneyta, gr. fallþ./dag	372	377	375	377
Sláturmat geldneyta - gerð	5,46	5,87	5,70	6,04
Sláturmat geldneyta - fita	5,68	5,75	5,68	5,77
Fjöldi innlagðra kúa alls	100	90	148	213
Fallþungi kúa, kg	230	237	226	224

## Afurðatekjur og framleiðslukostnaður

Afurðatekjur og kostnaður er hér reiknað á kg kjöts sbr. töflu 3. Þar sem ekki var hægt að greina alltaf á milli tekna af nauta- og kýrkjöti í bókhaldi bænda er allt kjötinnleggið notað í samanburði. Það hefur þó óveruleg áhrif enda kýrkjötið með litla hlutdeild í heildarkjötinnleggi gagnasafnsins eða að jafnaði 7%. Frá árinu 2019 hafa afurðatekjur af kjötinnleggi hækkað um 21,2% og munar þar mestu um afurðahækkanir árið 2022. Á árunum 2019-2021 eru litlar breytingar á afurðatekjunum. Verðhækkanir á afurðastöðvarverði nautakjöts urðu í lok árs 2021 og árið 2022 hækkaði

afurðastöðvaverð um 5-15% eftir vænleika og flokkun gripa sem kemur fram í jákvæðri afkomuþróun nautakjötsframleiðenda á því ári. Gripagreiðslum er hér deilt niður á innlögð kg til samræmis við annað uppgjör í verkefninu þrátt fyrir að þær greiðslur séu eingöngu til staðar á þeim búum sem nýta kýr til kjötframleiðslunnar.

**Tafla 3: Heildartekjur tengdar nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á kg kjöts. Meðaltöl árána 2019-2022 á föstu verðlagi hvers árs.**

<b>Tekjur af nautaeldi</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Afurðatekjur kjöt, kr/kg	801	813	827	971
Gripagreiðslur, kr/kg	150	152	147	159
Sláturálag, kr/kg	48	58	139	96
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir, kr/kg	54	62	57	52
Sprett- og álagsgreiðslur jarðræktar 2022, kr/kg				69
Sprettgreiðslur 2022 vegna gripagreiðslna, kr/kg				24
Sprettgreiðslur 2022 vegna sláturálags, kr/kg				53
<b>Afurðatekjur alls, kr/kg</b>	<b>1.053</b>	<b>1.085</b>	<b>1.170</b>	<b>1.424</b>
<b>Breytilegur kostnaður vegna nautaeldis</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Aðkeypt fóður, kr/kg	181	196	207	161
Áburður og sáðvörur, kr/kg	167	169	183	241
Rekstur búvéla, kr/kg	135	134	128	157
Rekstrarvörur, kr/kg	71	74	78	90
Aðkeypt þjónusta, kr/kg	121	121	134	160
<b>Breytilegur kostnaður alls, kr/kg</b>	<b>675</b>	<b>695</b>	<b>730</b>	<b>809</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>35,9%</b>	<b>35,9%</b>	<b>37,6%</b>	<b>43,2%</b>
<b>Hálffastur og fastur kostnaður vegna nautaeldis</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Tryggingar, kr/kg	18	13	14	16
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	20	18	16	15
Viðhald eigna, kr/kg	64	66	54	60
Rekstrarkostnaður bifreiða, kr/kg	30	36	40	36
Annar rekstrarkostnaður, kr/kg	129	90	131	117
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	225	217	222	218
<b>Fastur kostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/kg</b>	<b>485</b>	<b>440</b>	<b>478</b>	<b>462</b>
Fjármagnsliðir, kr/kg	207	195	187	245
Afskriftir kr/kg	227	248	235	219
<b>Rekstrarniðurstaða af nautaeldi</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Afurðatekjur alls, kr/kg	1.053	1.085	1.170	1.424
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/kg	1.160	1.135	1.208	1.271
Framleiðslukostnaður alls, kr/kg	1.594	1.578	1.630	1.735
<b>Hagnaður/tap af nautaeldi, kr/kg</b>	<b>-541</b>	<b>-493</b>	<b>-461</b>	<b>-311</b>

Sláturálag reiknast sem eðlilegt er á innlagt nautakjöt og fer vaxandi í takt við hlutfallslega vænni gripi og í samræmi við gildandi búvörusamninga. Á árinu 2021 var greitt út sérstakt sláturálag vegna Covid 19 og tilfærsla varð sömuleiðis úr framleiðslujafnvægislið búvörusamninga. Á árinu 2022 voru greiddar út svokallaðar sprettgreiðslur sem komu til viðbótar við gripagreiðslur og sláturálag. Einnig

voru greiddar sprettgreiðslur og sérstakar álagsgreiðslur út á jarðræktar- og landgreiðslur og eru þessir viðbótarliðir sérgreindir í töflu 3. Samtals reiknast þessar einskiptisaðgerðir á árinu 2022 um 146 kr/kg eða rúmlega 10% af afurðatekjum ársins.

Samtals afurðatengdar tekjur (allt framleitt kjöt, seldir gripir og opinberar greiðslur) fara vaxandi úr 1.053 kr/kg árið 2019 í 1.424 kr/kg árið 2022. Hækkun afurðatekna vegna kjöts á milli áráanna 2021-2022 er 144 kr/kg eða 17%. Séu tekjurnar reiknaðar á hvern grip eru þær 295.740 kr. árið 2019, hækka í 331.666 kr/grip árið 2021 og árið 2022 eru þær orðnar 401.813 kr/grip (sjá Viðauka 1).

Í töflu 3 kemur fram greining á breytilegum kostnaði eftir árum. Á árinu 2022 er kostnaður vegna aðkeypts fódurs ekki lengur stærsti einstaki liðurinn heldur er það áburður eða um 30% af heildar breytilegum kostnaði. Athygli vekur að kjarnfóðurliðurinn lækkar milli áráanna 2021 og 2022 vegna minni fóðurkaupa, það er í einhverjum tilvikum vegna aukinnar kornræktar en annars vegna þess að bændur settu í forgang að kaupa áburð og dregið var úr kjarnfóðurgjöf. Til skamms tíma litið virðist það ekki hafa haft neikvæð áhrif á fallþunga og það verður áhugavert að sjá hvort það muni hafa áhrif á fallþungatölur búanna árin 2023-2024. Aðrir liðir eru dálítið breytilegir eftir árum en hækka allir milli áráanna 2021 og 2022.

Hér er breytileikinn hjá þátttökubúum gríðarlega mikill því sum búin kaupa nánast ekkert kjarnfóður heldur einbeita sér alfarið að gróffóðureldi og jafnvel kornrækt til kjötframleiðslu. Önnur bú einbeita sér að einskonar þauleldi með kjarnfóðri og/eða korni og auka þar með vaxtarhraða gripanna og slátra þeim yngri samhliða góðum vænleika og flokkun. Hluti af kostnaði við aðkeypt fóður hjá einstökum búum er tilkominn vegna kaupa á mjólkurdufti, þar sem hvorki eru mjólkurkýr né holdakýr til staðar. Þar sem stunduð er heimavinnsla eða bein sala á afurðum hefur sláturkostnaður hækkað talsvert á milli ára. Framlegð af nautakjötsframleiðslunni hefur hækkað um 20% frá árinu 2019 og var árið 2022 43,2% að meðaltali.

Fasti kostnaðurinn er lægri á árinu 2022 en 2021 og munar þar mestu um að annar rekstrarkostnaður og laun lækka hlutfallslega á innlagt kg. Fjármagnsliðir hækka hins vegar um 58 kr/kg eða 31% á milli áráanna 2021 og 2022 og sé það reiknað yfir á sláturgripum nemur hækkunin um 16.800 kr/grip.

Framleiðslukostnaður á hvert kg kjöts, án afskrifta og fjármagnsliða, hækkar einungis um 10% frá árinu 2019, eða úr 1.160 kr/kg í 1.271 kr/kg árið 2022. Það lýsir vel þeirri hagræðingu sem hefur orðið á búunum enda hafa almennar verðhækkningar á aðföngum og aðkeyptri þjónustu verið umtalsvert



meiri en það. Árið 2022 er fyrsta árið á verkefnistíma sem rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) er jákvæður í nautaeldi, eða sem nemur 153 kr/kg. Afskriftir og fjármagnsliðir telja 464 kr/kg árið 2022 og þegar á heildina er litið er neikvæð afkoma af nautaeldinu sem nemur 311 kr/kg árið 2022. Það er þó bæting í afkomu um 230 kr/kg frá árinu 2019 þegar afkoman reiknaðist neikvæð um 541 kr/kg.

## Samanburður á búum eftir framleiðslukerfum

Í töflu 4 er gerður samanburður á þátttökubúum eftir því hvort þau eru með holdakýr eða ekki. 16 af 30 búum eru með holdakýr og eru þau með 57% af innlögðum ungnautum og 58% af innlögðu ungnautakjöti. Þessi bú eru með meiri fallþunga og vaxtarhraða og mun betri flokkun gripa en uppistaðan í innleggi á þessum búum eru hreinræktaðir holdagripir og holdablendingar.

**Tafla 4: Samanburður fyrir rekstrarárið 2022. Fjöldi geldneyta, fallþungi og flokkun eftir því hvort bú halda holdakýr eða ekki.**

	Bú með holdakýr	Ekki holdakýr
Fjöldi búa	16	14
Fjöldi geldneyta alls	975	737
Innlagt ungnautakjöt alls kg	287.001	208.310
Meðalfjöldi innlagðra geldneyta - bú	60,9	52,6
Fallþungi geldneyta, kg	294,4	282,6
Meðalaldur við slátrun - mánuðir	24,1	24,4
Vaxtarhraði geldneyta, gr. fallþ./dag	386	366
Sláturmat geldneyta - gerð	6,77	5,07
Sláturmat geldneyta - fita	5,96	5,51
Fjöldi innlagðra kúa alls	213	0
Fallþungi kúa, kg	224	

Í töflu 5 er samanburður á afkomu nautaeldis eftir því hvort verið er að nýta kýr til kjötframleiðslunnar eða eingöngu verið að ala gripi til slátrunar og þá yfirleitt nær eingöngu íslenska gripi. Afurðatekjur nautaeldis í heild reiknast þar hærrí á holdakúabúum enda fylgja þar gripagreiðslur auk þess sem að afurðatekjur af kjöti eru rúmlega 13% hærrí, sem skýrist m.a. af þyngri og betur gerðum gripum. Samningar við kjötvinnsur og sala á kjöti beint frá býli hafa þarna líka áhrif. Athygli vekur að sláturálag er hærrí á búunum sem ekki halda holdakýr. Breytilegur kostnaður er um 18% hærrí á búum með holdakýr en engu að síður er framlegðarstig þar 45,6% á móti 38% á hinum búunum. Fastur kostnaður á holdakúabúunum er hærrí en á hinum búunum, fjármagnsliðir verulega

hærri og þegar upp er staðið er tap af nautaeldi 115 kr/kg meira á holdakúabúunum en hinum. Stór hluti af skýringunni liggur í því að umrædd bú með holdakýr hafa almennt verið í miklum uppbyggingarfasa á síðustu árum og þar með þurft að mæta vaxandi fjármagnskostnaði á meðan að hin búin hafa hlutfallslega færri verið að byggja upp aðstöðu til nautaeldis.

**Tafla 5: Samanburður fyrir rekstrarárið 2022. Heildartekjur tengdar nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á kg kjöts eftir búsgerð.**

<b>Tekjur af nautaeldi</b>	<b>Bú með holdakýr</b>	<b>Ekki holdakýr</b>
Afurðatekjur kjöt, kr/kg	1.017	897
Gripagreiðslur, kr/kg	258	0
Sláturálag, kr/kg	93	102
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir, kr/kg	57	43
Sprett- og álagsgreiðslur jarðræktar 2022, kr/kg	76	58
Sprettgreiðslur 2022 vegna gripagreiðslna, kr/kg	40	0
Sprettgreiðslur 2022 vegna sláturálags, kr/kg	38	76
<b>Afurðatekjur alls, kr/kg</b>	<b>1.580</b>	<b>1.175</b>
<b>Breytilegur kostnaður vegna nautaeldis</b>	<b>Bú með holdakýr</b>	<b>Ekki holdakýr</b>
Aðkeypt fóður, kr/kg	136	202
Áburður og sáðvörur, kr/kg	264	206
Rekstur búvéla, kr/kg	171	134
Rekstrarvörur, kr/kg	95	82
Aðkeypt þjónusta, kr/kg	194	105
<b>Breytilegur kostnaður alls, kr/kg</b>	<b>859</b>	<b>729</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>45,6%</b>	<b>38,0%</b>
<b>Hálffastur og fastur kostnaður vegna nautaeldis</b>	<b>Bú með holdakýr</b>	<b>Ekki holdakýr</b>
Tryggingar, kr/kg	15	16
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	14	18
Viðhald eigna, kr/kg	67	48
Rekstrarkostnaður bifreiða, kr/kg	39	31
Annar rekstrarkostnaður, kr/kg	151	63
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	237	188
<b>Fastur kostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/kg</b>	<b>523</b>	<b>364</b>
Fjármagnsliðir, kr/kg	330	109
Afskriftir kr/kg	223	213
<b>Rekstrarniðurstaða af nautaeldi</b>	<b>Bú með holdakýr</b>	<b>Ekki holdakýr</b>
Afurðatekjur alls, kr/kg	1.580	1.175
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/kg	1.382	1.093
Framleiðslukostnaður alls, kr/kg	1.935	1.415
<b>Hagnaður/tap af nautaeldi, kr/kg</b>	<b>-355</b>	<b>-240</b>

## Rekstraryfirlit þátttökubúa

Í töflu 6 kemur fram yfirlit yfir rekstur þátttökubúanna og er þá bæði verið að skoða afkomuna af sjálfu nautaeldinu en einnig af heildarrekstri. Hlutdeild nautgripatekna af heildartekjum fer vaxandi ár frá ári og er orðið að jafnaði um 39% árið 2022. Inni í liðnum heildartekjur eru tekjur tengdar öðrum búgreinum og ýmiskonar verktöku auk tekna af öðrum framlögum.

Þegar tafla 6 er skoðuð þá er rekstrarafgangur (EBITDA) árið 2022 jákvæð um röklega 2,4 milljónir króna en aðrar rekstrartekjur þurfa að koma til svo þátttökubúin nái endum saman að meðaltali. Árið 2022 er fyrsta árið frá 2017 þar sem afkoma af heildarrekstri þessara búa er að jafnaði jákvæð. Þrátt fyrir að skuldir hafi aukist hefur skuldahlutfall lækkað í takt við auknar tekjur. Fjármagnskostnaður búanna vegna nautaeldis hefur aukist um 46% á milli árána 2021 og 2022 sem er gríðarlega íþyngjandi.

**Tafla 6: Rekstraryfirlit nautakjötsframleiðenda. Meðaltal sömu 30 búa. Fjárhæðir í þúsundum króna á föstu verðlagi hvers árs.**

Afkoma af nautaeldi	2019	2020	2021	2022
Samtals afurðatekjur	14.442	15.949	18.927	25.783
Hlutfall afurðatekna af heildartekjum	32,8%	33,8%	36,6%	38,9%
Breytilegur kostnaður alls vegna nautaeldis	9.255	10.217	11.806	14.642
Fastur kostnaður alls vegna nautaeldis	12.728	12.983	14.556	16.739
<i>Þar af:</i>				
Laun og launatengd gjöld	3.091	3.189	3.599	3.951
Fjármagnsliðir	2.943	2.871	3.032	4.436
Afskriftir vegna nautaeldis	3.111	3.644	3.807	3.965
<b>EBITDA af nautaeldi</b>	-1.761	-1.068	-964	2.448
<b>Hagnaður/tap af nautaeldi</b>	-7.541	-7.251	-7.436	-5.598
Afkoma af heildarrekstri	2019	2020	2021	2022
Tekjur af annarri starfsemi	29.548	31.299	32.768	40.427
Samtals heildartekjur	43.990	47.249	51.695	66.210
Heildarkostnaður vegna annarrar starfsemi	22.947	25.450	27.008	34.047
<b>EBITDA af heildarrekstri</b>	<b>10.622</b>	<b>11.625</b>	<b>11.626</b>	<b>17.801</b>
<b>Hagnaður/tap af heildarrekstri</b>	<b>-939</b>	<b>-1.402</b>	<b>-1.676</b>	<b>783</b>
Langtímaskuldir í árslok	70.543	74.482	78.012	86.675
Skammtímaskuldir árslok	21.755	19.040	19.423	22.937
Skuldir alls	92.298	93.522	97.436	109.612
Skuldahlutfall í heildarrekstri	2,10	1,96	1,86	1,66

## Afkomuhorfur

Ákveðið var að gera tilraun til að rýna afkomu ársins 2023 með tilliti til afurðaverðshækkana, breytinga á opinberum greiðslum milli ára og hækkana á aðföngum, fjármagnsliðum og öðrum kostnaði, sbr. töflu 7.

**Tafla 7: Afkomuspá vegna ársins 2023**

Tekjur af nautaeldi	Áætluð breyting milli		Afkomuspá
	2022	ára	2023
Afurðatekjur kjöt, kr/kg	971	15%	1.117
Gripagreiðslur, kr/kg	159	15%	183
Sláturálag, kr/kg	96	-10%	86
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir, kr/kg	52	10%	57
Sprett- og álagsgreiðslur jarðræktar 2022, kr/kg	69	-100%	0
Sprettgreiðslur 2022 vegna gripagreiðslna, kr/kg	24	-100%	0
Sprettgreiðslur 2022 vegna sláturálags, kr/kg	53	-100%	0
<b>Afurðatekjur alls, kr/kg</b>	<b>1.424</b>	<b>1%</b>	<b>1.443</b>
Breytilegur kostnaður vegna nautaeldis	Áætluð breyting milli		Afkomuspá
	2022	ára	2023
Aðkeypt fóður, kr/kg	161	10%	177
Áburður og sáðvörur, kr/kg	241	5%	253
Rekstur búvéla, kr/kg	157	8%	169
Rekstrarvörur, kr/kg	90	8%	97
Aðkeypt þjónusta, kr/kg	160	8%	173
<b>Breytilegur kostnaður alls, kr/kg</b>	<b>809</b>	<b>8%</b>	<b>870</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>43,2%</b>		<b>39,7%</b>
Hálffastur og fastur kostnaður vegna nautaeldis	Áætluð breyting milli		Afkomuspá
	2022	ára	2023
Tryggingar, kr/kg	16	3%	16
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	15	3%	16
Viðhald eigna, kr/kg	60	3%	61
Rekstrarkostnaður bifreiða, kr/kg	36	3%	37
Annar rekstrarkostnaður, kr/kg	117	3%	121
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	218	8%	236
<b>Fastur kostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/kg</b>	<b>462</b>	<b>5%</b>	<b>487</b>
Fjármagnsliðir, kr/kg	245	60%	392
Afskriftir kr/kg	219	0%	219
Rekstrarniðurstaða af nautaeldi	Áætluð breyting milli		Afkomuspá
	2022	ára	2023
Afurðatekjur alls, kr/kg	1.424	1%	1.443
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/kg	1.271	7%	1.357
Framleiðslukostnaður alls, kr/kg	1.735	13%	1.968
<b>Hagnaður/tap af nautaeldi, kr/kg</b>	<b>-311</b>		<b>-525</b>

Þær breytingar sem vega þyngst á milli ára er hækkun vaxtaálags en vegnir stýrivextir nær tvöfaldast á milli ára. Árið 2022 munaði verulega um tekjur vegna svokallaðra sprettgreiðslna og álagsgreiðslna á jarðrækt og uppskeru, sem voru einskiptisframlög. Gangi afkomuspáin eftir og að óbreyttum tekjuforsendum er reiknað með að tap af nautaeldi á nautgripabúum verði um 525 kr/kg árið 2023. Ársframleiðsla ungnautakjöts var 3.032 tonn árið 2022 og um tveir þriðju framleiðslunnar fór fram á búum sem eru í mjólkurframleiðslu. Ef ekki er talin með ungnautakjötsframleiðslan sem fer fram á kúabúum í mjólkurframleiðslu má því reikna með að ungnautakjötsframleiðsla á öðrum nautgripabúum verði gerð upp með tapi sem nemur um 550-600 milljónir króna á landvísu.

## Samantekt

- Þegar upp er staðið ná afurðatekjur af nautaeldi ekki að mæta framleiðslukostnaði þegar á heildina er litið en engu að síður eru hér jákvæð teikn á lofti hvað varðar þróun á afurðaverði og bættum árangri í nautgriparæktinni.
- Skv. gögnunum var rekstrarafgangur fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði (EBITDA) neikvæður um 38 kr/kg kjöts árið 2021 en jákvæður um 153 kr/kg árið 2022. Munar þar verulega um hækkað afurðaverð og einskiptisgreiðslur úr ríkissjóði á móti auknum framleiðslu- og rekstrarkostnaði. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 311 kr/kg. Það er mun skárri niðurstaða en fyrir undanfarin ár.
- Fjármagnskostnaður búanna á árunum 2019-2021 var svipaður en hækkar um 46% á árinu 2022 og ljóst er að hann hækkar enn frekar árið 2023. Verðbótaþáttur verðtryggðra lána og hækkun stýrivaxta mun setja verulegt mark á afkomu þessara bóa, sérstaklega þeirra sem hafa verið í uppbyggingu.
- Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 35% frá janúar 2018. Það ár voru heildarafurðatekjur þátttökubúa 1.128 kr/kg að jafnaði og framleiðslukostnaður 1.604 kr/kg. Miðað við afkomuspá ársins 2023 hækka heildartekjur af nautaeldi einungis um 1% á kr/kg og ná ekki að fylgja hlutfallslegri þróun vísitölu. Rekstrarkostnaður búanna hækkar verulega umfram áætlaða aukningu á tekjum og vegur fjármagnskostnaður þar þyngst.

- Lágt afurðaverð síðustu ára kom mjög illa við nautakjötsframleiðendur og þegar skoðaður er ásetningur nautkálfa blasir við samdráttur í framleiðslu þó hlutfall holdagripa hafi aukist. Innflutningur hefur aukist verulega og markaðshlutdeild íslensks nautakjöts hefur dregist verulega saman og stefnir í að vera innan við 50% árið 2024.
- Mikilvægt er að snúa þessari þróun við með áframhaldandi ræktunarstarfi, hækkun á afurðaverði, tollvernd og opinberum stuðningi samhliða því að huga áfram að hagræðingu inni á búunum með tilliti til bættrar fóðurnýtingar og lægri fóðurkostnaðar á hvern grip. Á tímabilinu er greinileg jákvæð þróun í kjötmati, fallþunga og auknum vaxtarhraða gripa. Aukið vægi Angusgripa í ræktunarstarfinu er að koma fram á árinu 2023 og endurspeglast í meiri vaxtarhraða og bættri fóðurnýtingu.

## Viðauki 1

**Tafla 8: Heildartekjur af nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á sláturgrip. Meðaltöl árána 2019-2022 á föstu verðlagi hvers árs.**

<b>Tekjur af nautaeldi</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Afurðatekjur kjöt, kr/grip	224.939	230.983	234.514	273.981
Gripagreiðslur, kr/grip	42.253	43.148	41.772	44.859
Sláturálag, kr/grip	13.370	16.626	39.297	27.084
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir, kr/grip	15.177	17.538	16.084	14.605
Sprett- og álagsgreiðslur jarðræktar 2022, kr/grip				19.485
Sprettgreiðslur 2022 vegna gripagreiðslna, kr/grip				6.900
Sprettgreiðslur 2022 vegna sláturálags, kr/grip				14.898
<b>Afurðatekjur alls, kr/grip</b>	<b>295.740</b>	<b>308.294</b>	<b>331.666</b>	<b>401.813</b>
<b>Breytilegur kostnaður vegna nautaeldis</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Aðkeypt fóður, kr/grip	50.748	55.745	58.553	45.460
Áburður og sáðvörur, kr/grip	46.924	48.094	51.968	68.096
Rekstur búvéla, kr/grip	37.940	38.173	36.182	44.258
Rekstrarvörur, kr/grip	19.831	20.962	22.104	25.322
Aðkeypt þjónusta, kr/grip	34.079	34.525	38.079	45.057
<b>Breytilegur kostnaður alls, kr/grip</b>	<b>189.522</b>	<b>197.499</b>	<b>206.886</b>	<b>228.193</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>35,9%</b>	<b>35,9%</b>	<b>37,6%</b>	<b>43,2%</b>
<b>Hálffastur og fastur kostnaður vegna nautaeldis</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Tryggingar, kr/grip	4.942	3.777	4.090	4.427
Rafmagn og heitt vatn, kr/grip	5.616	5.121	4.663	4.315
Viðhald eigna, kr/grip	17.896	18.737	15.359	16.818
Rekstrarkostnaður bifreiða, kr/grip	8.450	10.134	11.233	10.137
Annar rekstrarkostnaður, kr/grip	36.119	25.612	37.082	33.116
Laun og launatengd gjöld, kr/grip	63.289	61.652	63.068	61.567
<b>Fastur kostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/grip</b>	<b>136.312</b>	<b>125.032</b>	<b>135.495</b>	<b>130.381</b>
Fjármagnsliðir, kr/grip	58.258	55.499	53.128	69.130
Afskriftir kr/grip	63.699	70.435	66.720	61.786
<b>Rekstrarniðurstaða af nautaeldi</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>
Afurðatekjur alls, kr/grip	295.740	308.294	331.666	401.813
Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/grip	325.834	322.531	342.381	358.573
Framleiðslukostnaður alls, kr/grip	447.791	448.465	462.228	489.489
<b>Hagnaður/tap af nautaeldi, kr/grip</b>	<b>-152.052</b>	<b>-140.170</b>	<b>-130.562</b>	<b>-87.676</b>